

Verðlaunaafhending í vefsamkeppni grunnskólanema

Hinn 10. september síðastliðinn voru veitt verðlaun í samkeppni sem [sjávarútvegsráðuneyti](#) og [menntamálaráðuneyti](#) efndu til meðal grunnskólanema um gerð sjávarútvegsvefs. Tilefnið var að 100 ár eru frá komu fyrsta togarans í eigu Íslendinga og bar verkefnið yfirskriftina *sjávarútvegur í fortíð, nútíð og framtíð*.

Markmiðið með keppninni var að auka innsýn skólabarna í undirstöðu- atvinnugrein þjóðarinnar, sjávarútveg, og veita þeim um leið tækifæri til að tjá eigin hugmyndir um greinina. Jafnframt var verkefninu ætlað að vekja athygli almennings á sjávarútvegi og víkka þá umræðu sem á sér stað um hana.

Níu skólar tóku þátt í keppninni og var skipuð sérstök dómnefnd til að velja verðlaunaverkefni en veitt voru þrenn glæsileg verðlaun. Nefndin var skipuð einum fulltrúa sjávarútvegsráðuneytis, einum fulltrúa menntamálaráðuneytis og



Verðlaunahafarnir ásamt Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, Árna M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra og Björgólfi Guðmundssyni formanni bankaráðs Landsbankans

einum fulltrúa frá [Kennaraháskóla Íslands](#). Hún lauk störfum 4. júní sl. og voru vefirnir opnaðir almenningi á sjómannadaginn, 5. júní síðastliðinn. Ákveðið var að úrslit yrðu tilkynnt á sjávarútvegssýningunni og að verðlaunaafhending færi fram þar við hátíðlega athöfn.


Verðlaunin voru í boði [Landsbanka Íslands](#) og úrslit urðu þessi: [Grunnskólinn á Hólmavík](#) varð í fyrsta sæti og hlaut í verðlaun skjávarpa, myndbandstökuvél og fartölvu. [Grandaskóli](#) varð í öðru sæti og hlaut í verðlaun skjávarpa og myndbandstökuvél. [Garðaskóli í Garðabæ](#) varð í þriðja sæti og hlaut skjávarpa í verðlaun.

Árni M. Mathiesen [sjávarútvegsráðherra](#) ávarpaði gestina og að því loknu tilkynnti [menntamálaráðherra](#), Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, úrslitin, afhenti viðurkenningarskjöl og las umsögn dómnefndar um verkefni. Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, ávarpaði síðan hópinn og afhenti verðlaunin. Að lokinni verðlaunaafhendingu voru gestum boðnar veitingar og síðan í skoðunarferð með ráðherrunum og formanni bankaráðs Landsbankans um íslensku sjávarútvegssýninguna.

Heildarútgjöld til menntamála - Ísland í fyrsta sæti OECD ríkja

Heildarútgjöld Íslendinga til menntamála námu 7,4% af vergri landsframleiðslu árið 2002 og er Ísland í fyrsta sæti [OECD](#) ríkja hvað þessi útgjöld varðar. Næst koma Bandaríkin með 7,2% af vergri landsframleiðslu en meðaltal OECD ríkja árið 2002 er 5,8%. Heildarútgjöld hér á landi til menntamála hafa aukist úr 6,7% af vergri landsframleiðslu árið 2001. Ef eingöngu eru skoðuð opinber útgjöld til menntunar er Ísland í 5. sæti meðal OECD ríkja og fara 15,6% opinberra útgjalda til menntunar hér á landi. Sjá nánar í [fréttatilkynningu Hagstofu Íslands](#).

Þetta kemur fram í ritinu **Education at a Glance 2005** sem OECD gaf út hinn 13. september síðastliðinn en þar er að finna margvíslegar upplýsingar um menntun í 30 aðildarríkjum OECD ásamt tölum frá 20 löndum utan OECD, aðallega frá skólaárinu 2002-2003. Ritnið skiptist í fjóra kafla sem fjalla um áhrif menntunar á einstaklinga og samfélagið, fjárfestingu í menntun, aðgang að námi, þátttöku og framfarir í menntun og um skólaumhverfið og skipulag skólakerfisins.



Norræna skólahlaupið 2005

Norræna skólahlaupið mun fara fram á öllum Norðurlöndunum á tímabilinu 15. september til 1. desember næstkomandi. Verður þetta í 21. skiptið sem við tökum þátt í þessu samnorræna hlaupi og höfum við staðið okkur mjög vel í samanburði við frændþjóðir okkar þar sem allt að því helmingur nemenda í grunnskólum landsins hafa tekið þátt í hlaupinu hverju sinni.

Þó að þess hafi sérstaklega verið getið hér að grunnskólar hafi staðið sig vel í hlaupinu til þessa, þá er þess vænst að framhalds- og sérskólar verði nú með af krafti og áhuga en nokkuð hefur á það skort í fyrri hlaupum.

Með Norræna skólahlaupinu er leitast við að hvetja nemendur skólanna til þess að æfa hlaup og aðrar íþróttir reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan.

Er því hér hvatt til þess að allir skólar verði með í Norræna skólahlaupinu 2005 en þátttakendur geta valið hve langt þeir hlaupa þ.e. 2.5 km, 5 km eða 10 km.

Að hlaupinu loknu fær hver þátttakandi, og einnig hver skóli, viðurkenningarskjál þar sem greint er frá árangri og heildarúrslit verða birt í fjölmiðlum og send skólum landsins.

Það skal undirstrikað að hér er fyrst og fremst stofnað til hollrar hreyfingar en ekki keppni og áhersla á það lögð að allir verði með. Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarinnar hefur styrkt útgáfu viðurkenningarskjala á myndarlegan hátt og samstarfsaðili að þessu verkefni er einnig [Íþróttakennarafélag Íslands](#).

Allar frekari upplýsingar um Norræna skólahlaupið 2005 er að fá hjá [Íþrótt- og æskulýðsdeild menntamálaráðuneytis](#) svo og stjórn Íþróttakennarafélags Íslands.

